

- 177 **Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Gullbringu- og**
25. nóv. **Kjósarsýslu, um flutning þingstaðar.**

Samkvæmt tillögu yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 12. nóv. s. l., og ósk hreppsnefndar Kópavogshrepps, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá gamla skólahúsinu á Marbakka í hið nýja barnaskólahús hreppsins að Digraneshálsi, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

178

REGLUR

18. okt.

um ákvörðun skattgreiðslu af andvirði aukavinnu, sem einstaklingar leggja fram utan reglulegs vinnutíma við byggingu íbúða til eigin afnota.

Eignaauki sá, sem stafar af aukavinnu, sem einstaklingar leggja fram utan reglulegs vinnutíma við byggingu íbúða til eigin afnota, skal ekki talinn til skattskyldra tekna. Skattanefnd eða skattstjóri meta, hve mikill hluti af hinu byggða telst einkaíbúð.

Til leiðbeiningar fyrir skattayfirvöldin skulu þeir, sem skattívilnunar þessarar vilja njóta, láta fylgja framtali sínu upplýsingar um fjölda vinnustunda þeirra, sem þeir hafa starfað að smíði eigin íbúðar á árinu, og glögga lýsingu á húsnæði því, sem í smíðum er, svo að séð verði, hve mikill hluti af hinu byggða er einkaíbúð.

Hinn skattfrjálsi eignauki, sem skattþegn hefur öðlazzt með eigin vinnu framlagi, kemur til skattskyldra tekna sem venjulegur söluhagnaður, ef íbúðin er seld, að því leyti sem eignaukinn fæst greiddur í söluverði, og eins þótt um makaskipti sé að ræða.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 1. gr. laga nr. 16 16. marz 1949.

Fjármálaráðuneytið, 18. október 1949.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

179
31. okt.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Ólafs Ragnarssonar frá Hrafnabjörgum“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 31. október 1949.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ólafs Ragnarssonar frá Hrafnabjörgum.

1. gr.

Sjóður þessi ber nafnið Minningarsjóður Ólafs Ragnarssonar frá Hrafnabjörgum.